



Fundargerð 1. fundar notendahóps greiningaraðila

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands miðvikudaginn 18. nóvember 2015 milli 14:00 og 15:30. Notendur sem mættu á fundinn voru:

Greiningaraðilar	Fyrirtæki/ stofnun
Ásta Björk Sigurðardóttir	Íslandsbanki
Jón Bjarki Bentsson	Íslandsbanki
Gústaf Steingrímsson	Landsbankinn
Marinó Melsted	Hagstofa Íslands - Þjóðhagsspá
Yngvi Harðarson	Analytica
Sigurður Örn Karlsson	IFS
Ólafur Darri Andrason	ASÍ
Ólafur Garðar Halldórsson	Samtök atvinnulífsins
Hörður Garðarsson	Seðlabanki Íslands
Rannveig Sigurðardóttir	Seðlabanki Íslands
Anna Olsen	Fjármálaráðuneytið

Fulltrúi frá Arion banka komst ekki.

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn (fyrir utan Marinó sem var á fundinum sem greiningaraðili og notandi):

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Anton Örn Karlsson	Aðferðafræðingur
Auður Ó. Svavarsdóttir	Deildarstjóri - Utanríkisverslun
Björn Rúnar Guðmundsson	Sviðsstjóri – Efnahagssvið
Böðvar Þórisson	Sviðsstjóri - Fyrirtækjasvið
Heiðrún E. Guðmundsdóttir	Deildarstjóri – Vísitölur
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri - Félagsmálasvið
Magnús Kári Bergmann	Deildarstjóri - Fyrirtækjatölfræði
Margrét K. Indriðadóttir	Deildarstjóri – Laun, tekjur og menntun
Lárus Blöndal	Deildarstjóri – Atvinna, líf skjör og mannfjöldi
Reynir Kristjánsson	Gæðastjóri

Fundarstjóri var Reynir Kristjánsson.

Dagskrá

1. Kynning
2. Hvaða hagtölur eru greiningaraðilar að nota?
3. Hvaða hagtölur þurfa greiningaraðilar sem þeir fá ekki í dag?
4. Hvaða hagtölur er verið að gefa út sem ekki er þörf fyrir?
5. Hvaða metadata þurfa greiningaraðilar?
6. Hvenær á næsti fundur að vera?

Fundargerð og niðurstöður

(númerin vísa í dagskrárliði fundarins – sjá hér á undan)

1. Fundarstjóri bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund notendahóps greiningaraðila. Fram kom að Hagstofan hefur skipt notendum (viðskiptavinum) í nokkra hópa og sem dæmi um hópa má nefna greiningaraðila, rannsóknarsamfélagið, stjórnvöld og fjölmiðla. Gert er ráð fyrir að innan hvers hóps notenda séu þarfir svipaðar og vill Hagstofan skilja betur hverjar þessar þarfir eru og eins vita af væntingum og áherslum hvers hóps. Með þessu móti getur Hagstofan betur forgangsraðað umbótaverkefnum og komið betur til móts við væntingar.
2. Fyrir fundinn var lagður fyrir spurningalisti sem flestir voru búnir að svara fyrir fundinn. Niðurstöður þessara svara gefa góða mynd af hvaða hagtölur greiningaraðilar eru að nota og hverjar þeirra eru mikilvægastar. Spurningalistinn innihélt lista yfir 56 vörur og efnisflokka. Vörur eru hagtölur eins og landsframleiðsla, útflutningur sjávarafurða og tekjudreifing. Efnisflokkar eru flokkar hagtalna eins og vinnumarkaður, landbúnaður og orkumál. Stundum var spurt um efnisflokkinn en oftast var sundurliðað á einstakar vörur. Svarmöguleikarnir voru 1) nota oft; 2) nota stundum; 3) gæti þurft; og 4) nota ekki. Í samantektinni hér að neðan fékk nota oft þrjú stig, nota stundum tvö stig, gæti þurft fékk eitt stig en nota ekki fékk ekkert stig. Þar sem átta aðilar svöruðu er hámarksfjöldi stiga 24 stig.

Mikilvægustu vörurnar/ efnisflokkarnir með 23 – 24 stig eru:

Vinnumarkaður	Fjármunamyndun og fjármunaeign
Laun	Vöruviðskipti
Launavísitala	Þjónustuviðskipti
Ferðaðjónusta - Gisting	Vísitala neysluverðs
Landsframleiðsla	Launakostnaður
Einka- og samneysla	

Strax á eftir koma með 21 – 22 stig:

Húsnæðismál	Útflutningur sjávarafurða
Hagvísar í ferðaðjónustu	Verðvísitölur sjávarafurða
Ferðaðjónusta - Farþegar	Bygging íbúðarhúsnæðis
Byggingarvísitala	Framleiðsluuppgjör
Þjóðhagsspá	Tekjuskiptingaruppgjör
Hið opinbera	Ríkissjóður
Afli og ráðstöfun	

Með 17 – 20 stig eru:

Sveitarfélög	Vísitala framleiðsluverðs
Mannfjöldi	Búferlaflutningar milli landa
Mannfjöldaspá	Neysluútgjöld
Fjárhagsstaða heimila	Velta fyrirtækja
Ferðaðjónustureikningar	Tekjudreifing
Afkoma sjávarútvegs	Iðnaðarframleiðsla

Með 13 – 16 stig eru:

Afkoma fyrirtækja	Fjöldi fiskiskipa
Gjaldþrot	Almannatryggingar og velferðarmál
Fjármálareikningar	Samræmd vísitala neysluverðs
Skuldir, eignir og eiginfjárstaða einstaklinga	Fyrirtæki
Efnahagslegar skammtímatölur	Orkumál
Ferðavenjur	Alþjóðlegur verðsamanburður
Innflutningur hráefnis í sjávarútvegi	Verð ýmissa vörutegunda

Með færri stig eru: lífsgæði, útgjöld til heilbrigðismála, útgjöld til fræðslumála, fæddir og dánir, vísindi og tækni, og landbúnaður. Einnig var nefnt á fundinum að greiningaraðilar gætu í vissum tilfellum þurft enn aðrar hagtölur eins og losun lofttegunda, samgöngur, og menntun.

3. Næst var farið í að kortleggja hvaða hagtölur greiningaraðilar þurfa sem þeir fá ekki í dag frá Hagstofunni. Á svörum þátttakenda að dæma var einnig tekið til skoðunar hvað þarf að bæta í vörum og þjónustu Hagstofunnar. Eftirfarandi eru svör greiningaraðila við þessari spurningu. Í einhverjum tilfellum voru svörin svipuð og þá voru þau sett saman í flokk og flokknum gefið nafn. Heiti flokka eru feitletruð í upptalningunni hér á eftir. Greiningaraðilar voru svo beðnir um að forgangsraða þeim umbótatækifærum sem fram komu og fengu til þess átta punkta á hvert fyrirtæki/ stofnun. Þeir máttu úthluta þessum átta punktum að vild en þeim fleiri punktar því mikilvægara er viðkomandi málefni. Tölurnar í svigunum sína fjölda punkta sem hvert atriði fékk.

(8) **Viðmót – tæknilegt** (geta nálgast nýrri gildi auðveldlega úr efnahagslegum skammtímatölum; XML live gögn; beint aðgengi að gagnagrunni).

(8) **Aukið niðurbrot** (nýjustu tölur úr útflutningi, mánaðarleg gögn [tímaniðurbrot]; fjárfesting, niðurbrot eftir atvinnugreinum; auka niðurbrot, t.d. vinnumarkaður, kynskipta niður á búsetu o.fl.; velta greiðslukorta flokkuð á undirflokk; innflutningur eftir hagrænni flokkun BEC innan árs í tonnum, meira niðurbrot úr launarannsókn, t.d. niður á starfahópa; stöðugildi/ unnir tímar ÍSAT-flokkað; auka niðurbrot eftir atvinnugreinum).

(8) **Aukin tíðni** (mánaðarleg gögn úr sundurliðaðri launavísitölu; ársfjórðungslegt framleiðslu-uppgjör; mánaðarlegar VSK tölur; launakostnaðarvísitala mánaðarleg).

(7) **Meira úr VMR** (flæði á vinnumarkaði; meiri úrvinnsla úr vinnumarkaðskönnun; hægt að greina hið opinbera í vinnumarkaðskönnun).

(6) **Gögn frá öðrum sem Hagstofan miðlar áfram** (bifreiðar í umferð á hverjum tíma, atvinnuhúsnæði – byggingar; gögn frá Samgöngustofu – leyfi, bílaleigur o.fl.; nýta gögn frá öðrum, t.d. Vinnuálastofnun; atvinnuhúsnæði – nýting; gögn frá Þjóðskrá – fasteignamarkaður).

(5) **Samfella í tímaröðum** (ferðaþjónusta – gjaldeyristekjur, tengja við eldri gögn; atvinnugreinaflokkun – tengja við eldri gögn; samfella í tímaröðum).

- (4) Framlag atvinnuvega í VLF.
 - (3) **Tímanleiki** (Framleiðsluuppgjör – bráðabirgðatölur fyrir atvinnugreinar; nýrri upplýsingar úr ársreikningum; tölfræði upp úr staðgreiðsluskrá [tímanleiki]).
 - (3) Vöruviðskipti á þjóðhagsreikninga-grunni, mánaðarleg.
 - (2) **Nákvæmni** (HICP í 2 aukastöfum; fleiri aukastafir í undirvísitölum).
 - (2) Nánari gögn um Keflavíkurflugvöll – flughreyfingar, áfangastaðir.
 - (2) Skýringar á endurskoðun þjóðhagsreikninga.
 - (2) Árgangar/ Cohort, t.d skattagögn.
 - (1) Menntun brottfluttra.
 - (1) Ársfjórðungslegar Fisher-vísitölur – innfl., útflutn. uppfærðar.
 - (1) Kynslóðir gagna.
 - (1) Ferðapjónusta – þjóðhagsreikningar, vinnumarkaðskönnun [fáskilgreiningar á hvað tilheyrir hverju].
 - (0) Nýting hótela – landsbyggð alls.
 - (0) Samræming gagna [elstu gögn ýmist efst eða neðst].
 - (0) Meiri upplýsingar úr lífskjararannsókn.
4. Ekki var tími á fundinum til að ræða hvaða hagtölur er verið að gefa út sem ekki er þörf fyrir.
 5. Ekki var tími á fundinum til að ræða hvaða metadata greiningaraðilar þurfa.
 6. Ákveðið var að næsti fundur verði haldinn fyrir næsta sumar.